

Föstudaginn 24. febrúar 1989.

Nr. 147/1987. **Elfar Þorvaldsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Lífeyrissjóði leigubílstjóra

(Jón Gunnar Zoëga hrl.)

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Stefnumbirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1987. Hann gerir þær dómkröfur aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu og til þrautavara krefst hann þess að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur í greinargerð fyrir Hæstarétti aðallega krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Til vara krefst hann þess að sér verði dæmdar aðrar lægri fjárhæðir, en í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst hann niðurfellingar málskostnaðar.

Þann 20. þessa mánaðar var mál þetta flutt um framkomna frávísunarkröfu, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Krafðist stefndi þá þess að ómerkingar- og frávísunarkröfu áfrýjanda yrði hrundið og málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Áfrýjandi byggir frávísunarkröfu sína á því, að lögmæt birting héraðsdómsstefnu hafi ekki átt sér stað. Þá er krafan einnig byggð á því að málið sé verulega vanreifað af hálfu stefnda. Stefndi telur að birting héraðsdómsstefnu sé í samræmi við 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, en hún hafi verið birt á starfsstöð og skrifstofu áfrýjanda. Þá telur hann að málið sé reifað á fullnægjandi hátt.

Í héraðsdómsstefnu, sem birt var 11. desember 1986, er áfrýjandi talinn til heimilis að Ystaseli 15, Reykjavík. Lögð hefur verið fram kvittun Manntalsskrifstofu Reykjavíkur fyrir móttöku tilkynningar

um aðsetursskipti, dags. 7. júlí 1986, þar sem fram kemur að áfrýjandi hafi flutt að Hátúni 9, Reykjavík.

Í birtingarvottorði héraðsdómsstefnu segir að stefnan hafi verið birt „Stefaníu Guðmundsdóttur á vinnustað hennar, bifreiðast. Hreyfli að Fellsmúla 26 hér í borg, og afhentum henni endurrit af stefnunni, sem hún lofaði að afhenda stefnda er starfar í sama húsi, en var fjarverandi“.

Í vitnamáli, sem haldið var á bæjarþingi Reykjavíkur 23. október 1987, kom fram að áfrýjandi, sem er leigubílstjóri og ekur frá bifreiðastöð Hreyfils, hafði ekki fengið vitneskju um málshöfðunina fyrr en eftir að héraðsdómur gekk. Kvaðst áfrýjandi yfirleitt koma á skrifstofu Hreyfils einu sinni í mánuði til þess að greiða stöðvargjöld. Stefanía Guðmundsdóttir kom fyrir dóm, en hún vinnur á skrifstofu Hreyfils. Lýsti hún því að sér hefði verið birt stefna á áfrýjanda 11. desember 1986, og hefði hún sent skilaboð fram á símaafgreiðslu til að láta kalla áfrýjanda í símann og segja honum að hann ætti bréf á skrifstofunni. Sagði Stefanía það vera venju á skrifstofunni að láta ekki koma fram í skilaboðunum til símaafgreiðslunnar að um stefnu væri að ræða heldur væri einungis talað um bréf. Í réttarhaldi þessu kom fram að Stefanía afhenti áfrýjanda stefnuna hinn 9. apríl 1987, en héraðsdómur var kveðinn upp 25. febrúar s.á.

Samkvæmt 1. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 má birta stefnu á lögheimili stefnda, skrifstofu hans eða vinnustofu. Eins og að framan er rakið var lögheimili áfrýjanda rangt tilgreint í stefnu. Áfrýjandi mun vera félagi í samvinnufélaginu Hreyfli, sem rekur samnefnda bifreiðastöð. Verður ekki talið að skrifstofa Hreyfils sé vinnustofa áfrýjanda eða skrifstofa í skilningi nefndrar lagagreinar.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður ekki talið að stefnubirting hafi farið fram samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 95. gr. og 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Rétt þykir að stefndi greiði áfrýjanda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Lífeyrissjóður leigubílstjóra, greiði áfrýjanda, Elfari Þorvaldssyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. febrúar 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 11. desember 1986 af Lífeyrissjóði leigubílstjóra, nnr. 6088-8744, Fellsmúla 24-26, Reykjavík, gegn Elfari Þorvaldssyni, nnr. 1922-3221, Ystaseli 15, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 64.939,20 með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánud af kr. 58.439,20 frá 1.3. 1986 til 1.4. 1986 og þá af kr. 59.739,20 til 1.5. 1986 og þá af kr. 61.039,20 til 1.6. 1986 og þá af kr. 62.339,20 til 1.7. 1986 og þá af kr. 63.639,20 til 1.8. 1986 og þá af kr. 64.939,00 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar skv. taxa LMFÍ.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að á árinu 1971 hafi Lífeyrissjóður leigubílstjóra verið stofnaður fyrir tilstuðlan stéttarfélags leigubílstjóra, bifreiðastjórafélagsins Framma, og Trausta, félags sendibílstjóra. Í upphafi hafi Lífeyrissjóðurinn verið frjáls lífeyrissjóður án skylduaðildar. Með lögum nr. 55/1980 hafi öllum launþegum og atvinnurekendum verið gert skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi stéttarfélags. Lög þessi hafi tekið gildi 9. júní 1980 og eftir það hafi Lífeyrissjóður leigubílstjóra ekki verið frjáls sjóður heldur skyldusjóður. Fljótlega hafi stefnandi farið að kynna lög þessi fyrir þeim leigubílstjórum sem ekki voru aðilar að sjóðnum. Ekki hafi allir viljað greiða í sjóðinn þó svo að flestir hafi gert það. Stefndi hafi ekki greitt til stefnanda iðgjöld frá 1.1. 1983 til 1.7. 1986 þrátt fyrir margítrekaðar innheimtutilraunir.

Málsástæður stefnanda eru þær að eftir að Lífeyrissjóður leigubílstjóra verður sjóður með skylduaðild beri honum að tryggja að allir þeir sem í sjóðnum eiga að vera greiði tilskilin iðgjöld. Skv. ákvæðum í 2. gr. laga nr. 55/1980 beri fjármálaráðuneytinu að úrskurða verði ágreiningur um það til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skulu greidd að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands. Það hafi fjármálaráðuneytið gert 22.6. 1983, en þar segir m.a.: „Sjálfsseignaleigu- og sendibifreiðastjórar skulu greiða lífeyrissjóðsiðgjöld til Lífeyrissjóðs leigubílstjóra.“ Stefndi sé sjálfseignarleigubílstjóri og beri því að greiða iðgjöld til sjóðsins.

Iðgjöld til sjóðsins séu reiknuð af þeim ökutaxta sem í gildi sé á hverjum tíma. Ökutaxti leigubifreiðarstjóra sé samansettur af ýmsum kostnaðarliðum sem viðurkenndir séu nauðsynlegir við rekstur bifreiðar. Einn þeirra liða

sem viðurkenningar nýtur, séu laun bifreiðarstjórans. Launin séu þannig fundin út að tekið sé mið af launum bifreiðarstjóra í hæsta launaflokki innan Verkamannasambands Íslands, síðan sé bætt við 12% álagi. Þetta 12% álag sé hugsað sem greiðsla frá viðskiptavini og launagreiðanda leigubílstjórans á atvinnurekandagreiðslu í lífeyrissjóð 6%, sjúkrasjóðsgjaldi 1%, félagsgjaldi frá atvinnurekanda 1%, orlofsheimilasjóðsgjaldi 0,25% og ýmsu öðru 3,75%. Atvinnubílstjóri taki því á móti 6% atvinnurekandagjaldi til lífeyrissjóðsins frá launagreiðandanum. Sjálfur eigi bifreiðastjórinn síðan að greiða 4% af sínum launum. Í reglugerð sjóðsins er gert ráð fyrir að veittur sé 30% afsláttur af þessari útreiknuðu tölu sem lágmarksgjaldi til sjóðsins. Sjóðurinn reikni mánaðarlega út skv. framansögðu iðgjöld til sjóðsins.

Samtals sé iðgjaldaskuld stefnda frá 1.1. 1983 til 1.7. 1986 kr. 41.245,00 auk uppsafnaðra vaxta kr. 23.694,20. Þar séu reiknaðir hæstu leyfilegir dráttarvextir skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands og vöxtum bætt við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti.

Stefnufjárhæðin sundurliðist þannig að kr. 41.245,00 séu vangreidd iðgjöld frá 1.1. 1983 til 1.7. 1986, kr. 23.694,20 séu vextir til 1.9. 1986 eða samtals kr. 64.939,20.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing og honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 11.500,00.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir, ftr. yfirborgardómara.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Elfar Þorvaldsson, greiði stefnanda, Lífeyrissjóði leigubílstjóra, kr. 64.939,20 með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 58.439,20 frá 1.3. 1986 til 1.4. 1986, af kr. 59.739,20 frá þeim degi til 1.5. 1986, af kr. 61.039,20 frá þeim degi til 1.6. 1986, af kr. 62.339,20 frá þeim degi til 1.7. 1986, af kr. 63.639,20 frá þeim degi til 1.8. 1986, en af kr. 64.939,00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 11.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.